

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/2172****2016/EES/27/70****frá 24. nóvember 2015****um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB að því er varðar beitingu
viðmiðunarfjárhæða við útboð og gerð samninga (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB frá 26. febrúar 2014 um gerð sérleyfissamninga ⁽¹⁾,
einkum 9. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með ákvörðun 94/800/EB ⁽²⁾ samþykkti ráðið samning um opinber innkaup („samninginn“) ⁽³⁾. Samningnum ætti að beita gagnvart öllum innkaupasamningum, sem ná þeim fjárhæðum eða fara yfir fjárhæðirnar („viðmiðunarfjárhæðir“) sem settar eru fram í samningnum og tilgreindar sem sérstök dráttarréttindi.
- 2) Eitt af markmiðum tilskipunar 2014/23/ESB er að gera samningsstofnunum og samningsyfirvöldum, sem beita henni, kleift að uppfylla um leið þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í samningnum. Til að ná þessu markmiði ætti að aðlaga viðmiðunarfjárhæðirnar, sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun að því er varðar opinbera samninga sem samningurinn nær einnig yfir, til að tryggja að þær samsvari þeim fjárhæðum í evrum sem, námundaðar að næsta þúsundi, jafngilda þeim viðmiðunarfjárhæðum sem settar eru fram í samningnum.
- 3) Samræmisins vegna er rétt að aðlaga einnig þær viðmiðunarfjárhæðir í tilskipun 2014/23/ESB sem ekki falla undir samninginn. Því ætti að breyta tilskipun 2014/23/ESB til samræmis við það.
- 4) Þar eð útreikningur endurskoðuðu viðmiðunarfjárhæðanna þarf að fara fram á grundvelli meðaltals verðgildis evrunnar fyrir tiltekið tímabil, sem lýkur 31. ágúst, og birta á endurskoðuðu viðmiðunarfjárhæðirnar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins í byrjun nóvember, ætti að beita flýtimeðferðinni við samþykkt þessarar reglugerðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 2014/23/ESB komi fjárhæðin „5 225 000 evrur“ í stað „5 186 000 evrur“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2016.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 307, 25.11.2015, bls. 9. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 94, 29.4.2014, bls. 1.

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins 94/800/EB frá 22. desember 1994 um samþykki af hálfu Evrópubandalagsins, að því er varðar málefni sem falla undir valdsvið þess, á samningunum sem náðust í Úrúgvælotu marghliða samningaviðræðnanna (1986 til 1994) (Stjtið. EB L 336, 23.12.1994, bls. 1).

⁽³⁾ Samningurinn er fjöhlíða samningur innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Markmiðið með samningnum er að samningsaðilar opni markaði sína er varða opinber innkaup hver fyrir öðrum.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
